

IV/35.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	RLS
Skýrslu gerir Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, 14. júlí 2004 kl. 10:00		
Sakarefni: Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmætar lánveitingar (104. gr. 2/1995)		
Vitni: Aðalsteinn Hákonarson	Kennitala: 100154-2699	
Starf/staða: Endurskoðandi	Vinnusími: 545 6000	
Lögheimili: Logafold 55, Reykjavík	Sími: 587 7509/893 4520	
Dvalarstaður:	Sími:	

Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.

Aðalsteinn er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmætum lánveitingum tiltekinna forsvarsmanna Baugs-Group hf. í tengslum við viðskipti við Fjárfar ehf.

Aðalsteini er kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgð, þ.e. sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá, og draga ekkert undan sem máli kann að skipta en röng skýrsla vitnis getur varðað refsíábyrgð.

Aðalsteinn kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og er reiðubúinn að tjá sig.

### Stofnun, stjórnun og eignarhald Fjárfars ehf.

Aðalsteinn er beðinn um að skýra frá því þegar Fjárfar ehf. var stofnað og þátttöku hans í því ferli.

Aðalsteinn segir Fjárfar hafa verið stofnað seint á árinu 1998, það hafi gerst með skyndingu að Tryggvi Jónsson, fyrrum starfsfélag hans hjá KPMG um árabíl, hringdi í Aðalstein og bað hann að útbúa stofnpappíra fyrir einkahlutafélag með nafninu Fjárfar. Tryggvi las fyrir hann upplýsingarnar sem koma áttu fram á skjölunum eins og stjórnarmenn, hlutafé, tilgang félagsins, nafn félagsins o.þ.h. (II/25.1, II/25.1.1, II/25.1.2, II/25.1.3 og II/25.1.4.) Aðalsteinn segist hafa farið með pappírana uppí Heklu að beiðni Tryggva þar sem hann hitti Sigfús Sigfússon og Sævar Jónsson sem undirrituðu skjölin. Sá fundur hafi einungis tekið um 10 mínútur en aðspurður sagði Aðalsteinn að Tryggvi hafi ekki verið viðstaddur. Aðalsteinn sagðist hafa tekið pappírana til baka og KPMG séð um að ganga frá skráningu þeirra.

Aðspurður kveðst Aðalsteinn ekki minnst þess að hafa spurt Tryggva sérstaklega um þetta félag eða þátttöku hans í því. Hann hafi þó hitt Tryggva í janúar 1999 og átt með honum óformlegan fund í húsi KPMG þar sem Tryggvi var að lýsa yfir fyrirætlunum Fjárfars þess efnis að Tryggingamiðstöðin kæmi að kaupum á bréfum í Fjárfari. Aðalsteinn sagðist hafa litið á það á þessum tíma að Tryggvi héldi utan um mál Fjárfars.

Aðspurður um aðild Sigfúsar og Sævars segist Aðalsteinn ekki hafa gert sér grein fyrir því við stofnun hversu þátttaka þeirra var mikil en síðar eða við gerð uppgjors á miðju ári 1999 hafi Aðalsteinn gert sér grein fyrir að þeir væru ekki raunverulegir eignaraðilar þegar Tryggvi sagði honum að það þýddi ekkert að tala við þá Sigfús og Sævar þar sem þeir vissu ekkert um félagið.

Aðalsteinn sagðist að öðru leyti ekki hafa verið í sambandi við Tryggva eða aðra vegna Fjárfars fyrir en Tryggvi hafði samband við hann í júní 1999 og bað hann að gera ársreikning rekstrarársins 1998.

06039

Tryggvi sagði honum að einu viðskipti félagsins hefðu verið kaup á hlut í Vöruveltunni og hefðu þau verið alfarið fjármögnuð af Íslandsbanka og sagði honum að leita upplýsinga hjá Guðmundi Tómassyni. Aðalsteinn kvaðst hafa sent símbréf (5.3 úr skýrslu SRS) til Guðmundar og beðið um gögn varðandi þessi viðskipti. Honum hefðu borist lánasamningur vegna þeirra en aldrei borist kaupsamningur.

Aðspurður um lok bréfsins þar sem fram kemur: “það er mikil pressa frá TJ að klára þetta dæmi nú í vikunni.” segir Aðalsteinn að TJ standi fyrir Tryggva Jónsson og það hafi Tryggvi einn sem Aðalsteinn hafði samskipti við varðandi uppgjör ársins 1998 fyrir Fjárfar.

Aðspurður um greiðslu upphafshlutfjárins, 2.000.000 kr, þá segir Aðalsteinn að það hafi verið ógreitt en Tryggvi hafi ætlað að sjá um það. En á árinu 1999 hafi það verið skuldajafnað við þann aðila sem hafði verið að fjármagna viðskipti Fjárfars, sá reikningur sem skuldajafnað var við hafi verið á nafni Jóns Ásgeirs á þeirra pappírurum en eftir á að hyggja virðist það að sögn Aðalsteins hafa verið Gaumur sem átti þar hlut að máli.

Aðalsteinn er beðinn um að greina frá störfum sínum fyrir Fjárfar.

Aðalsteinn segir að hann hafi séð um ársreikning og gerð skattframtals, 1998, 1999 og 2000. Aðalsteinn segir að þegar það hafi komið í ljós að það væru aðilar tengdir Baugi sem héldu utan um þetta félag Fjárfar var þetta sett undir Stefán Hilmarsson vegna yfirsýnar hans þar sem hann var að sjá um endurskoðun fyrir Baug Group en hann hafi gert ársreikning Fjárfars fyrir 2001. Aðspurður um þessi skipti hans og Stefáns segir hann að það hefði verið óeðlilegt þar sem Fjárfar var hluti af fjármálaheild, Baugi-Group, sem Aðalsteinn hafði enga yfirsýn yfir að Aðalsteinn sæi um það.

Aðalsteinn er spurður við hvern/hverja hann hafi átt samskipti í tengslum við þau verkefni sem hann vann fyrir Fjárfar.

Á árinu 1999 vegna ársins 1998 var það eingöngu Tryggvi Jónsson sem hann leitaði til vegna Fjárfars. Á árinu 2000 vegna ársins 1999, var það Helgi Jóhannesson sem hafði samband og sagðist vera orðinn stjórnarformaður og bað um uppgjör, Kristín kom með honum og kynnti sig sem framkvæmdastjóra Fjárfars. Þá hafi Aðalsteinn sett Hafstein Sæmundsson starfsmann KPMG í verkið þó Aðalsteinn hafi borið ábyrgð á því, en hann hafi ekki ráðið við það verkefni og er hann nú hættur störfum hjá KPMG. Aðalsteinn sagði að KPMG hefði leitað til lögformlegra stjórnenda Fjárfars sem á þessum tíma var Helgi Jóhannesson sem stjórnarformaður og Kristín Jóhannesdóttir sem framkvæmdarstjóri, hvort að hann hafi fengið réttar eða nægar upplýsingar gat hann ekki sagt til um.

Aðalsteinn segir að það hafi verið að beiðni hans og KPMG að færsla bókhalds yrði hafin þegar Helgi og Kristín komu og lagt áherslu á það bæta þyrfti úr þessum málum varðandi færslu viðskipta o.fl.

Aðalsteinn er beðinn um að skýra frá vitneskju sinni varðandi eignarhald og stjórnun félagsins Fjárfars.

Aðalsteinn sagðist hafa vissu fyrir því á árinu 2000 við gerð uppgjörs fyrir 1999 að þetta væri tengt Baugi. Þá hefði Tryggvi ekkert vilja af þessu félagi vita, þá hafi Aðalsteinn séð að þetta kom ekki nálægt þeim Sigfúsi og Sævari og var tengt Baugi.

#### **Viðskipti við Baug-Group hf. 2000 - 2001:**

Aðalsteini er kynnt að þau viðskipti sem um ræðir og eru m.a. tilefni þessarar skýrslutöku hafi átt sér stað á tímabilinu frá maí 2000 til febrúar 2001. Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi einhverja vitneskju um eftirtalin viðskipti:

16.05.2000: "Hlutafé selt Fjárfari, 5m \* 12,9" - kr. 64.500.000

30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000

13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjárukning" - kr. 85.758.591

Aðalsteinn segir að fyrri tvö viðskiptin ættu að hafa verið með í uppgjöri fyrir árið 2000 sem hann tók þátt í en það seinasta hefði verið með í uppgjöri ársins 2001 sem Stefán Hilmarsson sá um. Aðalsteinn kvaðst ekki minnst þessara viðskipta sérstaklega.

Aðalsteinn er spurður hvaða mat hann leggi eða hafi lagt á lögmati þessarar lánveitinga frá Baugi til Fjárfars.

Aðalsteinn kvaðst ekki hafa lagt neitt mat á það, endurskoðun snúist í raun ekki um það, það sé ábyrgð stjórnenda.

Aðalsteinn er spurður hvort að hann sem endurskoðandi félagsins hafi komið með einhverjar athugasemdir varðandi þessa skuld við Baug. Ef svo er, þá um hvað fjölluðu þær og hvernig var brugðist við þeim.

Aðalsteinn kvaðst ekki hafa gert það.

Aðalsteinn er spurður hvort hann viti til þess að Fjárfar hafi lagt einhverja tryggingu fram gegn þessari skuld við Baug.

Aðalsteinn segist ekki vita til þess.

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.


Aðalsteinn vill taka það fram að honum finnst allt þetta mál varðandi Fjárfar með ólíkindum. Hann telji sig hafa gert tvenn mistök, annarsvegar að setja Hafstein sem aðstoðarmann í verkið og í öðru lagi hafa ekki sannreynt vinnu hans nógsamlega sökum anna og tímaleysis. Aðalsteinn segir að KPMG sé að vinna að endurupptöku á ársreiknings og skattframtali Fjárfars vegna ársins 1999 í ljósi nýrra upplýsinga og það séu endurskoðendur Baugs hjá KPMG, Stefán, Anna og Margrét sem aðstoða við það sökum tengsla Baugs við félagið. Niðurstaða þess er að skattstofnar séu áfram í núlli og þ.a.l. hvorki ríkissjóður né aðrir aðilar orðið fyrir fjárhagslegu tjóni.

Skýrslutöku lauk kl. 11:15

Staðfest rétt eftir haft:

  
Aðalsteinn Hákonarson

Skýrsluna skráði:

  
Aldís Hilmarsdóttir

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	IV / 352	
Staður og stund: Þriðjudagur 31. maí 2005 kl. 10:00 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.			
Vitni: Aðalsteinn Hákonarson	Kennitala: 100154-2699		
Starf/staða: Deildarstjóri ríkisskattstjóra	Vinnusími: 563 1100		
Lögheimili: Logafold 55, 112 Reykjavík	Sími: 587 7509/893 4520		
Dvalarstaður:	Sími:		

Aðalsteinn Hákonarson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999 og aðkomu einkahlutafélagsins Fjárfars að þeim kaupum. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Aðalsteinn nýtur réttarstöðu vitnis við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum gegndi hann starfi löggilts endurskoðanda einkahlutafélaganna Fjárfars og Litla fasteignafélagsins á þeim tíma sem ætluð brot munu hafa verið drýgd. Aðalsteinn var yfirheyrður hjá Ríkislögreglustjóranum í þágu rannsóknar málsins 14. júní 2004.

Aðalsteini er kunngerð vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Aðalsteini er kunngerð vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsíábyrgð sem hann kundi að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði í skýrslu hjá lögreglu, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Aðalsteini er kunnert að honum sé óskylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð ef ætla má að svar við henni feli í sér játningu eða hlutdeild hans eða venslamanna hans í refsiverðri háttsemi, sbr. 51. gr. laga nr. 19/1991. Enn fremur er brýnt fyrir Aðalsteini að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kundi að skipta.

Aðspurður segir Aðalsteinn að hann skilji tilefni yfirheyrslunnar og þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn.

Viðstaddur og þáttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Aðalstein og svör hans við þeim bókuð eftir honum í óbeinni ræðu.

Við upphaf yfirheyrslu segir Aðalsteinn að hann vilji gera þá athugasemd að hans afskiptum af Litla fasteignafélaginu ehf. hafi lokið í árslok 1998 eða áður en félagið var sameinað einhverju af félagi í eigu Baugs hf., en við þá breytingu hafi endurskoðun félagsins flust yfir til endurskoðanda Baugs. Aðalsteinn segir að endurskoðandi Baugs hf. á þeim tíma hafi verið Stefán Hilmarsson, en honum til fulltings hafi meðal annars verið Anna Þórðardóttir.

06092

**Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum**

**Greiðsla á kr. 800.000.000, sem fara átti fram 5. nóvember 1998 en fór fram 16. nóvember s. á.**

Greiðsla á fjárhæð kr. 450.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 35 % til Fjárfars ehf. Aðalsteini er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Fram kemur í samningum að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Kaupverð til Fjárfars var kr. 450.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Aðalsteini er sérstaklega sýnt afrit af lánstilboði að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðsyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998 og afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum var 60 % hlutafjár í Vöruveltunni hf. sett sem trygging fyrir láninu, þ. e. 35 % hlutur Fjárfars ehf. og 25 % hlutur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

- Skjal málsins nr. II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5 og II/50.5.6

Aðalsteinn er spurður hvort gerður hafi verið sérstakur kaupsamningur vegna þessara kaupa Fjárfars ehf., eða hvort kaupin hafi eingöngu byggst á samningnum frá 10. nóvember 1998.

Aðalsteinn segir að hann hafi ekki séð þennan samning áður. Aðalsteinn segir að Tryggvi Jónsson hafi upplýst hann um að Íslandsbanki hf. hafi séð um alla skjalagerð og fjármögnun vegna þessara kaupa í 35 % eignarhluta Vöruveltunnar hf. og hafi í því sambandi bent á Guðmund Tómasson hjá Íslandsbanka. Aðalsteinn segir að hann hafi í framhaldi óskað eftir gögnum vegna þessa frá Guðmundi, þ. e. öllum gögnum um kaupin, fjármögnunina og lánskjörin, en þetta hafi verið einu viðskipti Fjárfars ehf. vegna ársins 1998 samkvæmt upplýsingum frá Tryggva Jónssyni. Aðalsteinn segir að hann hafi fengið lánasamninginn frá Íslandsbanka eitt gagna og ekki frekari gögn. Aðalsteinn segir að hann hafi á þeim tíma talið þessi gögn fullnægjandi þar sem í lánasamningum hafi sagt að lánið væri vegna kaupa á 35 % eignarhluta í Vöruveltunni hf. Aðalsteinn segir að hann hafi á þessum tíma talið orð Tryggva Jónssonar, þáverandi stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins og samstarfsmanns til a. m. k. 19 ára, trúanleg.

**Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999, ásamt fylgigögnum**

Aðalsteini er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignarhlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfars ehf. þar af leiðandi 45 % eignahlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnvirði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiddast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.9

- |   |     |               |
|---|-----|---------------|
| a) Við undirritun kaupsamnings  | kr. | 225.000.000,- |
| b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi                            | kr. | 162.000.000,- |
| c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv. | kr. | 65.000.000,-  |

Kr. 447.000.000,-

Aðalsteinn er spurður hvort hann kannist við þennan kaupsamning sem fyrrverandi endurskoðandi Fjárfars ehf.

Aðalsteinn segir að hann hafi ekki séð þennan kaupsamning áður. Aðalsteinn segir að gagnaöflun við gerð ársreiknings vegna ársins 1999 hafi átt sér stað á miðju ári 2000. Aðalsteinn segir að á þeim tíma hafi hann verið í sambandi við Helga Jóhannesson og Kristínu Jóhannesdóttur við þá gagnaöflun, en þau hafi á þeim tíma verið í fyrisvari fyrir Fjárfar ehf. Aðalsteinn segir að Helgi og Kristín hafi meðal annars mætt á fund hjá KPMG Endurskoðun og í framhaldi af því hafi öllum fyrirspurnum verið beint til þeirra, þó aðallega Kristínar.

Aðalsteinn segir að hann og aðstoðarmaður sinn, Hafsteinn Sæmundsson viðskiptafræðingur hjá KPMG Endurskoðun á þeim tíma, hafi séð um gagnaöflun til að ljúka við uppgjör á Fjárfari ehf. Aðalsteinn segir að þrátt fyrir ítrekaðar óskir til Kristínar hafi bókhaldsgögn um Fjárfar ehf. ekki borist og hafi því verið vandkvæmum bundið að ljúka ársreikningi vegna ársins 1999. Aðalsteinn segir að uppgjör hafi dregist til desembermánaðar 2000 þar sem ýmislegt hafi ekki gengið upp við uppgjör félagsins.

Aðalsteinn segir að niðurstaða málsins hafi orðið sú að ljúka við ársreikning Fjárfars ehf. vegna 1999 um áramótin 2000/2001, en þá hafi legið fyrir að þau Helgi og Kristín hafi ekki getað aflað frekari bókhaldsgagna fyrir Fjárfar ehf.

Aðalsteinn segir að á árinu 2004 hafi Stefán Hilmarsson haft samband við hann og óskað eftir því að nýr ársreikningur fyrir Fjárfar ehf. vegna ársins 1999 yrði gerður, en sá ársreikningur hafi átt að grundvallast á upplýsingum úr niðurstöðu skattransóknar skattransóknarstjóra ríkisins varðandi Fjárfar ehf. og upplýsingum frá bókhaldi Gaumi ehf. og Baugs hf. Aðalsteinn segir að samkvæmt hans vitneskju hafi sú beiðni upphaflega komið frá Hreini Loftssyni til Stefáns Hilmarssonar.

Aðalsteinn segir að við þá vinnu hafi honum orðið ljóst að í bókhaldi Gaums ehf. hafi verið til viðskiptamannareikningur við Fjárfar ehf., sem aldrei hafi verið látinn í té. Aðalsteinn segir að þar hafi komið fram ýmsar peningahreyfingar sem Gaumur ehf. hafi annast í nafni Fjárfars ehf., en þær upplýsingar hafi honum ekki áður verið veittar þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um til Kristínar Jóhannesdóttur.

Aðalsteinn segir að Margrét Nikulásdóttir, endurskoðandi, hafi aðstoðað hann við þessa vinnu. Sú vinna hafi sem áður segir verið unnin vegna beiðni fyrisvarsmanna Baugs hf. eða Gaums ehf.

Aðalsteinn segir að leiðréttum ársreikningi vegna ársins 1999 fyrir Fjárfar ehf. hafi honum vitanlega ekki lokið. Aðalsteinn segir þegar hann hafi hætt störfum hjá KPMG Endurskoðun í apríl síðastliðnum þá hafi honum vitanlega ekki verið búið að rita undir uppgjörið. Ástæða þess hafi verið sú að Helgi Jóhannesson, stjórnarformaður Fjárfars ehf. frá árinu 2000, hafi ekki viljað rita undir leiðrétt uppgjör og Jóhannes Jónsson, núverandi stjórnarformaður félagsins, ekki heldur.

Aðalsteini er sýnt afrit af ársreikningi Fjárfars ehf. fyrir árin 1998 og 1999. Samkvæmt báðum ársreikningum eru þeir áritaðir fyrirvaralausri áritun af hálfu endurskoðanda. Fyrir liggur að ekkert bókhald hefur verið lagt fram fyrir Fjárfar ehf. fyrir þessi rekstrarár.

- Skjal málsins nr. II/50.25.1 og II/50.25.2

Aðalsteini er kunnbert að í yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóranum 14. júlí 2004 hafi hann upplýst um að KPMG væri að vinna að endurupptöku á ársreikningi og skattframtali Fjárfars ehf. vegna ársins 1999 í ljósi nýrra upplýsinga.



Aðalsteinn er spurður hvort það sé sömu leiðréttingar og hann hafi fjallað um hér á undan, þ. e. að leiðréttu uppgjöri hafi ekki lokið.

Aðalsteinn segir að svo sé.

Aðalsteinn er spurður í hverju þær breytingar hafi verið fölgjar.

Aðalsteinn segir að hann muni það ekki nákvæmlega, að öðru leyti en því að það hafi tengst viðskiptum með hlutabréf við KB-banka og Íslandsbanka. Aðalsteinn segir að hann reki minni til að þetta hafi verið þrenn eða fern viðskipti með hlutabréf. Aðalsteinn segir enn fremur að hann reki minni til að breytingin hafi snúist um söluhagnað af hlutabréfaviðskiptum, sem í raun hafi verið heimilt að fresta samkvæmt íslenskum skattalögum. Aðalsteinn segir að ítarlega greiningu á þessu sé að finna hjá Margréti Nikulásdóttur, endurskoðanda.

Aðalsteinn er spurður hvort ekki sé grundvallarforsenda fyrir fyrirvaralausri áritum endurskoðanda að fyrir liggi fullnægjandi bókhald af hálfu félagsins til að byggja gerð ársreiknings og endurskoðun á.

Aðalsteinn segir að áritun endurskoðenda felist í staðfestingu á fjárhag félags og afkomu. Aðalsteinn segir að hann líti svo á að þegar viðskipti hjá félagi séu óveruleg að magni til þá sé unnt sé að leggja fram fullnægjandi ársreikning án þess að bókhald sé fært. Aðalsteinn segir að af þeirri ástæðu hafi hann áritað ársreikningana. Aðalsteinn segir að hann vilji áréttu að hann hafi þarna verið í samskiptum við fyrrverandi starfsfélaga til að minnsta kosti 19 ára, Tryggva Jónsson. Aðalsteinn segir að vinna hans hafi byggst á trausti við Tryggva. Aðalsteinn segir að hann líti svo á að hann hafi sem endurskoðandi félagsins verið blekkur af Tryggva Jónssyni. Aðalsteinn segir enn fremur að hann telji að það hafi verið ásetningur Tryggva að leita til hans með endurskoðun Fjárfars ehf. og hafi það verið hluti af því blekkingarferli sem verið hafi með eignarhald og rekstur Fjárfars ehf. því að ef endurskoðendur Gaums ehf. eða Baugs hf. hefðu annast endurskoðunina hefðu rangfærslur uppgötvast.

-----  
**Greiðsla á kr. 225.000.000 (greitt í þrennu lagi), sem greiðast átti við undirritun kaupsamnings**

**Greiðsla að fjárhæð kr. 163.500.000 – ráðstöfun á móti kaupum Fjárfars í Vöruveltunni**

Aðalsteini er sýnt afrit af viðskiptayfirliti Íslandsbanka hf. vegna sölu Fjárfars ehf. á hlutabréfum í Vöruveltunni að nafnverði kr. 30.480.000, dags. 14. maí 1999 – söluverð kr. 163.500.000 og afrit af bréfi Íslandsbanka til skattransóknarstjóra ríkisins vegna beiðni um gögn og upplýsingar vegna viðskipta Baugs hf. og sölu Íslandsbanka hf. á Vöruveltunni hf., dags. 1. mars 2001. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi greiðsla hafa verið fjármögnuð með þeim hætti að Fjárfar ehf. keypti 10 % af hlutafé Vöruveltunnar, dags. 14. maí 1999, eða viku áður en kaupsamningur um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafé Vöruveltunnar hf. Með þeim kaupum mun Fjárfar ehf. hafa eignast 45 % hlutafé í Vöruveltunni hf.

- Skjöl málsins nr. II/50.12.1 og II/50.12.2

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi vitneskju um að þessi greiðsla hafi komið úr sjóðum Baugs hf. og runnið til Íslandsbanka vegna kaupa Fjárfars ehf. á 10 % hlut í Vöruveltunni hf.

Aðalsteinn segir að hann hafi ekki haft vitneskju um það. Aðalsteinn segir að muni ekki nákvæmlega hvort þessar upplýsingar hafi komið með leiðréttu uppgjöri eður ei. Aðalsteinn segir að honum vitanlega hafi engar peningahreyfingar átt sér stað í bókhaldi Fjárfars ehf. Aðalsteinn segir að hann muni ekki sérstaklega eftir því að Fjárfar ehf. hafi átt nokkra bankareikninga. Aðalsteinn segir að geti þó ekki fullyrt um þetta og þyrfti í því sambandi fletta því upp.

Aðspurður segir Aðalsteinn að honum hafi ekki verið kunnugt um kaup á umræddum 10 % eignarhluta fyrr en við gagnaöflum á leiðréttu á uppgjöri Fjárfars ehf. vegna ársins 1999. Aðspurður segir Aðalsteinn að hann viti ekki hvort gerður hafi verið kaupsamningur um þessi viðskipti.


**Gögn vegna greiðslu með hlutabréfum í Baugi að nafnverði kr. 65.000.000**

Aðalsteini er sýnt afrit af hreyfingalista í hlutaskrá Baugs hf. v/ Fjárfars ehf. frá 30. júní 1999 til 20. september 2000. Aðalsteini er kunnert að fyrir liggi að hlutabréf að nafnverði kr. 65.000.000 í Baugi hf. hafi runnið til Fjárfars ehf. eða að markaðsvirði kr. 650.000.000 og hlutabréf að nafnverði kr. 17.500.000 eða markaðsvirði kr. 175.000.000 hafi runnið til Íslandsbanka. Fyrir liggur að þessi hlutabréf hafi verið fengin með aukningu hlutafjár í Baugi hf. samkvæmt aukahlutahafafundi frá 24. júní 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.14.1, II/50.14.2, II/50.14.3, II/50.14.4 og II/50.14.2

Aðalsteinn er spurður hvort hann muni sérstaklega eftir þessum viðskiptum og hvort þau hafi verið skráð í bókhald Fjárfars ehf.

Aðalsteinn segir að hann muni ekki sérstaklega eftir þessum viðskiptum. Aðalsteinn segir að samkvæmt ársreikningi Fjárfars ehf. vegna ársins 1999 þá hafi Fjárfar ehf. keypt hlutabréf í Baugi hf. fyrir að nafnverði 70 milljónir króna. Aðalsteinn segir að þessi bréf, að nafnverði 65 milljónum króna, sé hugsanlega hluti af þeim viðskiptum. Aðalsteinn segir að Hafsteinn Sæmundsson hafi séð um þetta og hugsanlegt sé að upplýsingar um þetta sé að finna í möppu endurskoðenda, sem nú er hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.





**Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum****Gögn frá hlutafélagaskrá um Litla fasteignafélagið ehf.**

Aðalsteini er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Litla fasteignafélaginu ehf. Umrædd samantekt er byggð á gögnum er Ríkislögreglustjórinn aflaði hjá hlutafélagaskrá. Samkvæmt umræddum gögnum virðast þau Grétar Haraldsson og Sólveig Theodórsdóttir hafa stofnað einkahlutafélagið Litla fasteignafélagið ehf. 10. desember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum virðist Grétar Haraldsson hafa við stofnun félagsins tekið sæti í stjórn félagsins og Sólveig Theodórsdóttir í varastjórn þess. Endurskoðun félagsins við stofnun er sögð í höndum KPMG Endurskoðunar hf. og ritar Aðalsteinn Hákonarson fyrir því. Aðalstarfsemi félagsins er sögð eign og rekstur fasteigna.

- Skjöl málsins nr. II/25.7.0 og 25.7.1 til 25.7.12

Aðalsteinn er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Aðalsteinn segir að þessar upplýsingar séu réttar. Aðalsteinn segir að stofnun þessa félags hafi borið að með sams konar hætti og stofnun Fjárfars ehf., þ. e. að Tryggvi Jónsson hafi leitað til hans og beðið hann stofna félagið og annast endurskoðun þess. Aðalsteinn segir að hann reki ekki minni til að hafa nokkurn tímann hitt þau Grétar Haraldsson og Sólveigu Theodórsdóttur. Aðalsteinn segir að hann hafi annast gerð ársreiknings félagsins í eitt skipti, þ. e. vegna ársins 1998, en félagið hafi síðan verið sameinað einu félaga í eigu Baugs hf. á árinu 1999. Aðalsteinn segir að hann reki minni til að einhver fasteignakaup hafi átt sér stað á þessu fyrsta rekstrarári félagsins. Aðspurður segir Aðalsteinn að hann hafi mjög lítið verið í samskiptum við Tryggva vegna rekstrar þessa félags, heldur hafi yfirleitt verið leitað til framkvæmdastjóra félagsins, Runólfs Runólfssonar. Aðspurður segir Aðalsteinn að Runólfur hafi annast gagnaöflun við gerð ársreiknings og þess háttar.

Aðalsteinn er spurður hvernig eignarhaldi í félaginu hafi verið háttað.

Aðalsteinn segir að hann muni það ekki nákvæmlega nú í dag hver eða hverjir það hafi verið, en hins vegar hafi þær upplýsingar legið fyrir þegar félagið hafi verið stofnað.

Aðalsteinn er spurður hver hafi séð um færa bókhald Litla fasteignafélagsins.

Aðalsteinn segir að það hafi verið starfsmaður KPMG Endurskoðunar, en hann muni hins vegar ekki nákvæmlega nafn þess manns þar sem hann sé löngu hættur störfum hjá KPMG Endurskoðun. Aðalsteinn segir að hægt sé að afla upplýsinga um það. Aðspurður segir Aðalsteinn að honum vitanlega hafi sá maður fært bókhald félagsins fyrir árið 1998 og fyrir byrjun árs 1999.

Aðalsteinn er spurður hvort upphaflega hafi legið fyrir bókhald frá Litla fasteignafélaginu ehf. til að byggja á gerð ársreikninganna og endurskoðun vegna ársins 1998.

Aðalsteinn segir að svo hafi verið. Aðalsteinn segir að hann telji að hreyfingar í bókhaldi félagsins liggi hjá KPMG Endurskoðun í sérstöku bókhaldskerfi. Aðalsteinn segir að hann telji að þau gögn hafi verið lögð fram hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Aðspurður segir Aðalsteinn hins vegar að hann hafi ekki vitneskju um hvar bókhald Litla fasteignafélagið ehf. sé geymt í heild sinni.

**Ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. 1998**

Aðalsteini er sýndur afritaður ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. vegna 1998. Ársreikningurinn er með fyrirvaralausri áritun af hálfu Aðalsteins Hákonarsonar, endurskoðanda og undirritaður er af Grétari Haraldssyni fyrir hönd stjórnar félagsins, dags. 3. ágúst 1999. Samkvæmt ársreikningnum nam tap af

rekstri félagsins, tímabilið nóv.-des. 1998, 2,6 milljón kr. og eigið fé félagsins var í árslok neikvætt um 2,1 milljón kr. Einu rekstrartekjur félagsins voru húsaleigutekjur og eignir námu í árslok 378 milljónum kr., en þar af voru fasteignir og lóðir 374 milljónir kr. Umræddar eignir eru sagðar eftirfarandi: Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporharmar 3, Langirimi 21-23, Grímsbær og Engihjalli 8.

- Skjal málsins nr. II/50.19.1

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi annast gerð þessa ársreiknings.

Aðalsteinn segir að hann hafi annast það.

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi vitneskju um hvernig eignamyndun Litla fasteignafélagsins hafi orðið til, þ. e. hvaðan þessar eignir hafi verið keyptar, hvernig þau viðskipti hafi farið fram, hvort kaupsamningar hafi verið gerðar, hvernig verð hafi verið ákvarðað og hvernig umræddar fasteignir hafi verið verðmetnar.

Aðalsteinn segir að Litla Fasteignafélagið ehf. hafi keypt þessar fasteignir og lóðir, en hann muni á þessum tíma ekki nákvæmlega hvaðan eignirnar hafi verið keyptar. Aðalsteinn segir að viðskiptin hafi verið gerð með kaupsamningum, en kallað hafi verið eftir þeim gögnum við gerð uppgjör. Aðalsteinn segir enn fremur að hann muni til þess að hluti af kaupunum hafi falist í yfirtöku skulda. Aðalsteinn segir að hann hafi hvorki vitneskju um hvernig kaupverð hafi verið ákvarðað né hvernig fasteignirnar hafi verið verðmetnar.

**Gögn um samruna Litla fasteignafélagsins ehf. við Fjárfestingafélagið Gaum ehf.**

Aðalsteini er sýnt afrit af tilkynningu KPMG Endurskoðunar ehf. til hlutafélagaskrár um samruna Fjárfestingarfélagins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf., dags. 31. maí 2000 – móttakið 26. júní 2000.

- Skjal málsins nr. II/50.7.9

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi komið að þessum samruna með einum eða öðrum hætti; þá sem endurskoðandi Litla fasteignafélagsins.

Aðalsteinn segir að hann reki ekki minni til þess, en þó sé ekki útilokað að hann hafi aðstoðað endurskoðendur yfirtökufélagsins við milliuppgjör í maí 1999. Aðalsteinn segir að hans afskiptum af Litla fasteignafélaginu ehf. hafi lokið um áramótin 1998 og 1999.

**Ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. 1999 og Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.**

Aðalsteini er sýnt afrit af óundirrituðum árshlutareikningi Litla fasteignafélagsins ehf. 31. maí 1999 – dags. 17. ágúst 1999. Samkvæmt árshlutareikningnum, sem er fyrir tímabilið janúar-maí 1999, nam hagnaður tímabilsins 1,2 milljónir kr., veltufé frá rekstri nam 2,4 milljónum króna, handbært fé frá rekstri nam 7,7 milljónum króna og eigið fé í lok tímabilsins var neikvætt um 1 milljón kr. Einu rekstrartekjur tímabilsins voru húsaleigutekjur 17,9 milljónir kr. og eignir námu 446 milljónum kr., þar af voru fasteignir og lóðir 440 milljónir kr. Fyrir liggur að félagið var með langtíma leigusamninga um allar fasteignir þess.

- Skjal málsins nr. II/50.19.3

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi annast gerð þessa árshlutareiknings.

Aðalsteinn segir sem áður að hann reki ekki minni til þess. Hins vegar telji hann líklegt að hann hafi komið að gerð þess að einhverju leyti, en sú vinna hafi farið fram í ágúst 1999. Aðalsteinn segir að þarna hafi verið gert svokallað milliuppgjör þar sem fyrir hafi legið að félagið yrði sameinað öðru félagi tengt Baugi hf. og því hafi endurskoðendur Baugs hf. stýrt og annast þessa vinnu.

Aðalsteinn er spurður hvort gerður hafi verið sérstakur ársreikningur fyrir Litla fasteignafélagið ehf. fyrir árið 1999 eða fram að samruna.

Aðalsteinn segir að hann hafi ekki vitneskju um það, alltént hafi hann ekki komið að gerð þess ársreiknings. Aðspurður segir Aðalsteinn að ef sá ársreikningur hafi verið gerður hafi endurskoðendur Baugs hf. hafi annast gerð hans.

#### **Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.**

Aðalsteini er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Sólveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf. Samhliða þessum gögnum er Aðalsteini sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar og Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 14:38, 16:05 og 16:25, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum. Kaupsamningsdrög vegna kaupa Litla fasteignafélagsins ehf. á fasteignum Vöruveltunnar hf. voru einnig send með viðhengi tölvupósts með yfirskriftinni „Afsal“, frá Hafsteini Sæmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 24. ágúst 1999 kl. 13:44.

- Skjal málsins nr. II/50.17.4 til II/50.17.7, II/50.23.3 og II/50.23.5

Samkvæmt téðum gögnum og kaupsamningsdrögum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er grunur um að söluverð til Litla fasteignafélagsins ehf. hafi miðast við bókfært verð, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.23.5

*Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JÁJ*

Aðalsteinn er spurður hvort hann geti staðfest að kaupverð hafi verið ákvarðað með þessum hætti, þ. e. samkvæmt bókfærðu verði.

Aðalsteinn segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta og enga aðkomu haft að ákvörðun um þetta. Aðalsteinn segir að hans hlutverk sem endurskoðanda hafi ekki verið fólgið í að hafa afskipti af hlutum sem þessum, heldur hafi slíkt verið í höndum stjórnenda félagsins.

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi séð undirritaðan kaupsamning vegna kaupa Litla fasteignafélagsins á fasteignum frá Vöruveltunni hf.

Aðalsteinn segir að hann þori ekki að fullyrða um slíkt á þessum tíma. Aðalsteinn segir að hann vilji áréttta að hann þessi gögn kunni að vera í möppum endurskoðenda vegna Litla fasteignafélagsins ehf.

-----

**Sala fasteigna frá Litla fasteignafélaginu ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf.**

Aðalsteini er sýnt afrit af samkomulagi Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 1. nóvember 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 1. nóvember 1999 og afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 1. nóvember 1999. Samhliða þessum gögnum er Jóni Ásgeiri, Grétari, Sólveigu, Tryggva, Lindu, Aðalsteini, Kristínu sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar og Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 14:38, 16:05 og 16:25, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum.

- Skjöl málsins nr. II/50.18.2 til II/50.18.4 og II/50.23.5

Aðalsteini er enn fremur sýnt afrit af kaupsamningi milli Fasteignafélagsins Stoða hf. (kaupandi) og Litla fasteignafélagsins ehf. (seljandi) um yfirfærslu eignarréttar fasteigna að Barónstíg 2, Engihjalla 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporhamra 3, Langarima 21-23 og Efstasund 26, dags. 1. júní 1999. Samkvæmt umræddum samningi hefur Fasteignafélagið Stoðir hf. keypt fasteignir frá Litla fasteignafélaginu ehf. fyrir samtals kr. 604.554.000, en þar af eru fasteignir er áður voru í eigu Vöruveltunnar hf. metnar á kr. 357.204.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf. Umræddar fasteignir voru Barónstígur 2, Engihjalli 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er grunur um að verðið hafi miðast við leigu í átta og hálf ár, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.18.1 og II/50.23.5

*Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JAJ*

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi kynnt sér að söluverð frá Litla fasteignafélaginu ehf. hafi verið ákvarðað með þessum hætti, þ. e. leigu í 8,5 ár.

Aðalsteinn segir að hann hafi á þessum tíma verið hættur afskiptum af Litla fasteignafélaginu ehf. og félagið búið að sameinast Gaumi ehf.

Aðalsteini er sýnd tafla þar sem teknar hafa verið saman upplýsingar um kaup og sölu allra fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf. á árunum 1998 og 1999. Taflan byggir á tilvísuðum skjölum og þeim gögnum sem honum hefur nú verið kynnt.

Fasteignir: Í þús. kr.	Skjalanúmer	Kaupverð 1998	Skjalanúmer	Kaupverð 1999	Skjalanúmer	Söluverð 01.06.1999	Mismunur
<i>Keypt af Vöruveltunni hf.:</i>							
Suðurlandsbraut 48	II/50.23.5	11.812				14.790	2.978
Laugalækur 2	II/50.17.5	21.032			II/50.18.3	58.038	37.006
Sporhamrar 3	II/50.17.6	39.324			II/50.18.4	58.038	18.714
Langarimi 21-23	II/50.17.4	52.432			II/50.18.2	58.038	5.606
Grímsbær/Efstaland 26		92.500				168.300	75.800
<i>Samtals keypt af Vöruv.:</i>	II/50.23.5 II/50.17.7	217.100				357.204	140.104
<i>Keypt af öðrum:</i>							
Engihjalli 8	II/50.17.7	158.000				183.600	25.600
Barónstígur 2 – kaupár 1999	II/50.17.7		II/50.19.3 (bls. 9)	62.000		63.750	1.750
<b>Samtals</b>	II/50.17.7	<b>375.100</b>		<b>62.000</b>	II/50.18.1 II/50.18.5	<b>604.554</b>	<b>167.454</b>

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi einhverjar skýringar á því hvers vegna verðmæti fasteignanna hafi hækkað svo mikið eins og fram komi í toflunni; á rúmu hálfu ári.

Aðalsteinn segir að hann hafi enga vitneskju um það. Aðalsteinn segir að hann líti svo á að þetta sé einungis ákvörðun þeirra stjórnenda félagsins sem hafi verið á þessum tíma. Aðalsteinn segir sem áður segir að hann hafi verið hættur afskiptum af Litla fasteignafélaginu á þessum tíma.

Aðalsteini er sýnt afrit af uppgjöri vegna kaupsamnings dags. 1. júní 1999 milli Fasteignafélagsins Stoða hf., sem kaupanda og Litla fasteignafélagsins, sem seljanda, ódagsett og afrit af reikningsyfirlitum Íslandsbanka á reikningi Gaums nr. 0527-26-1099 vegna innborgana að fjárhæð kr. 50.000.000, dags. 7. september 1999; kr. 10.000.000, dags. 18. október 1999 og kr. 97.606.323, dags. 20. desember 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.18.5 og II/50.18.6

Aðalsteini er kunnbert að samkvæmt téðum gögnum hafi söluhagnaður fasteigna að fjárhæð 159,6 milljónum kr. verið tilkominn vegna sölu fasteigna Litla fasteignafélagsins ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf., dags. 1. júní 1999. Samtals hafi söluverðmæti fasteignanna sem áður segir numið 604,6 milljónum kr. og að frádregnum yfirteknum langtímalánum að fjárhæð 252,7 milljónum kr. skv. kaupsamningi og yfirtöku skammtímaskulda hafi útborgun numið kr. 157.606.323 og hafi hún runnið inn á bankareikning í eigu Fjárfestingafélagsins Gaum ehf. sem hér segir:

Dags.	Kr.
07.09.1999	50.000.000
18.10.1999	10.000.000
20.12.1999	97.606.323
<b>Samtals</b>	<b>157.606.323</b>

Aðalsteinn er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar og hvort hann geti staðfest að svo sé.

Aðalsteinn segir að hann geti það ekki þar sem hann hafi á þessum tíma verið hættur afskiptum af Litla fasteignafélaginu ehf.

Aðalsteinn er spurður hvernig þessi viðskipti hafi verði færð í bókhald Litla fasteignafélagsins ehf.

Aðalsteinn segir að hann hafi ekki vitneskju um það af fyrrgreindum ástæðum.

Ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. 1999 og Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.

Aðalsteini er sýnt afrit af óundirrituðum samrunaefnahagsreikningi Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf. vegna ársins 1999. Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrartekjur 179,1

milljón kr., þar af námu húsaleigutekjur 19,5 milljónum kr. og söluhagnaður fasteigna 159,6 milljónum kr. Eigið fé var í árslok jákvætt um 112,4 milljónir kr. og tekjuskattsskuldbinding nam í árslok 45,2 milljónum kr. Eignir námu 157,6 milljónum kr., sem var krafa á Fjárfestingafélagið Gaum ehf.

- Skjal málsins nr. II/50.19.4

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi komið að gerð þessa samrunareiknings.

Aðalsteinn segir að hann hafi ekki komið að gerð hans.

Aðalsteini er kunnert að fyrir liggi að umrædd félag hafi verið selt fyrir kr. 500.000 á árinu 1999, sbr. afrituð kvittun um að Gaumur hf. hafi greitt Sólveigu Theodórsdóttur og Grétari Haraldssyni andvirði hlutafjareignar í Litla fasteignafélaginu ehf., dags. 31. desember 1999.

- Skjal málsins nr. II/50.26.1

Aðalsteinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta kaupverð og hvernig það hafi verið ákvarðað.

Aðalsteinn segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta. Aðalsteinn segir að hann vilji áréttta að hann hafi enga aðkomu haft að þessu þar sem afskiptum hans hafi verið lokið á þessum tíma.

-----

Aðalsteinn er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Aðalsteinn segir að svo sé ekki.


Aðalsteinn hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur hana rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirlestri skýrslu lokið þriðjudaginn 31. maí 2005 kl. 14:45

Yfirlesid staðfest rétt

Skýrslu gerir

  
Aðalsteinn Hákonarson

  
Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu

  
Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi